

Mál 28/2017

Ár 2018, fimmtudaginn 15. mars, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr.28/2017

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 13. september 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 23. maí 2017 hafi komið í ljós að Maltese tíkin A hafi ekki fengið 12 mánaða hvíld frá síðasta goti. Tíkin hafi átt fjögur got áður, 2 hvolpar fæddir 22. október 2013, 2 hvolpar fæddir 27. júní 2014, 3 hvolpar fæddir 23. desember 2015 og 3 hvolpar fæddir 16. nóvember 2016. Ekki voru því liðnir 12 mánuðir á milli gots fjögur og gots fimm en skv. grundvallarreglum félagsmanna þarf tík sem gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils að hvílast í a.m.k. 12 mánuði fyrir næsta got. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 17. janúar 2018 og henni gefinn andmælafrestur til 14. febrúar 2018. Svar dags. 6. mars 2018 barst frá kærðu. Afrit þess var sent kæranda til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 23. maí 2017 hafi komið í ljós að Malteser tíkin A hafi ekki fengið 12 mánaða hvíld frá síðasta goti en skv. grundvallarreglum félagsmanna þarf tík sem gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils að hvílast í a.m.k. 12 mánuði fyrir næsta got. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Í svari kærðu kemur fram að kærða viðurkenni brot sitt.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í grundvallarreglum segir:

„3. Ræktandi

3.4. Láta ekki tík gjóta oftár en fimm sinnum. Ef tík gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. 12 mánuði fyrir næsta got. Tík sem er 7 ára eða eldri skal hvílast a.m.k. 12 mánuði á milli gota.“

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tíkin hafi ekki fengið 12 mánaða hvíld á milli gota og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grein 3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

F.h. siðanefndar

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Fjóla Fannberg

Kristín Sveinbjarnardóttir